



197. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 8. mars 2012 kl. 15:00.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Jón Gestur Viggósson, Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Helga H. Magnúsdóttir, Ingibjörg Berggrós Jóhannesdóttir, Gústaf A. Hjaltason 1. varamaður, Garðar Svansson 2. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll: Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri og Hafsteinn Pálsson.

### 1. Afmæli ÍSÍ

Forseti minnti á hóf vegna útgáfu Íþróttabókarinnar sem haldið verður í Bókabúð Máls og Menningar, Laugavegi 18 kl. 17:00 í dag.

Örn Andrésson formaður Afmælisnefndar ÍSÍ fór yfir það helsta sem framundan er í tengslum við afmæli ÍSÍ.

### 2. Ólympísk verkefni

*Ólympíuleikarnir í London 2012*

Friðrik Einarsson fór yfir stöðu mála varðandi undirbúning fyrir Ólympíuleikana í London í sumar.

Fundur var haldinn með sérsamböndum mögulegra keppenda á leikumum þann 6. mars síðastliðinn þar sem farið var yfir það helsta varðandi undirbúning leikanna.

Forseti skýrði frá því að Alþjóðataekwondosambandið væri búið að skipa Hlyn Gissurarson sem dómara í taekwondokeppninni á Ólympíuleikumum í London.

Rætt um aðkomu framkvæmdastjórnar og viðveru á Ólympíuleikumum í London í sumar.

### 3. Ályktun Fimleikafings og ályktun ÍF

Löggð fram ályktun Fimleikafings 2012 og ályktun ÍF til stuðnings ályktunar Fimleikasfings er lýtur að aðkomu ÍSÍ að sameiginlegu hófi ÍSÍ og Samtaka íþróttافرéttamanna um kjör Íþróttamanns ársins. Um málið verður frekar fjallað þegar farið verður yfir samstarfið í aðdraganda næsta hófs.

### 4. Evrópuleikar

Forseti skýrði frá því að haldið verði aukafing EOC 12. apríl næstkomandi í Moskvu þar sem fjallað verður um þá hugmynd EOC að setja á stofn Evrópuleika (European Games).

Framkvæmdastjórn er sammála um að ekki sé æskilegt að bæta Evrópuleikum við þá þéttu dagskrá sem íþróttafólk býr við í dag. Forseta gefin heimild til að svara á þá vegu ef til atkvæðagreiðslu kemur um málið á fundinum.

### 5. Heiðranir

Eftirtaldar heiðranir voru samþykktar með tölvupósti og afhending hefur þegar farið fram:

#### Gullmerki ÍSÍ:

Birna Björnsdóttir fyrrverandi stjórnarkona í Fimleikasambandi Íslands og meðlimur í FIG-Council hjá Alþjóðafimleikasambandinu. Merkið var afhent á ársþingi FSÍ 18. febrúar sl.

Sigmundur Stefánsson fyrrverandi gjaldkeri Glímusambands Íslands. Merkið var afhent á ársþingi GLÍ 3. mars sl.

#### Silfurmerki ÍSÍ:

Berglind Pétursdóttir alþjóðadómari í fimleikum. Merkið var afhent á ársþingi FSÍ 18. febrúar sl.

Stefán Jónasson úr Héraðssambandi Þingeyinga. Merkið var afhent á ársþingi HSP 26. febrúar sl.

Samþykkt að veita Markúsi Ívarssyni og Þóri Haraldssyni Gullmerki ÍSÍ á ársþingi HSK sem haldið verður 10. mars næstkomandi.

Samþykkt að veita Stefáni Halldórssyni fráfaraformanni Frjálsíþróttasambands Gullmerki ÍSÍ á ársþingi FRÍ sem haldið verður 16.-17. mars næstkomandi.

## **6. Fundargerðir**

Eftirtaldar fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 196. fundur framkvæmdastjórnar
- 4. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ frá 9. febrúar 2012
- 5. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ frá 1. mars 2012
- Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ frá 8. febrúar 2012
- Lyfjaeftirlitsnefndar frá 6. mars 2012

## **7. Viðburðir**

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

## **8. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 18. apríl næstkomandi frá kl. 12-14.

## **9. Önnur mál**

*Felix, skráningarkerfi ÍSÍ og UMFÍ*

Forseti og framkvæmdastjóri skýrðu frá viðræðum við UMFÍ varðandi kostnaðarskiptingu vegna Felix, skráningarkerfi ÍSÍ og UMFÍ. Gert er ráð fyrir því að undirritun samkomulags fari fram á næstu dögum. Gjaldkera gefin heimild til að undirrita samkomulagið fyrir hönd ÍSÍ.

*Hátíðarfundur*

Framkvæmdastjórninni færð innrammað skjal frá hátíðarfundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ sem haldinn var í Bárubúð á 100 ára afmæli ÍSÍ þann 28. janúar síðastliðinn. Á skjalinu er mynd frá fundinum ásamt áritun allra þeirra sem viðstaddir voru fundinn.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir fundarritari